

Alþingi
Erindi nr. P 133/482
komudagur 1.12.2006

Tilvísun: 2006110103 / 01-106-01

Efni: Umsógn um frumvarp til laga um Landsvirkjun og breytingu á lögum á orkusviði.

Með bréfi iðnaðarnefndar Alþingis frá 22. þ.m. er óskað umsagnar Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um Landsvirkjun og frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði.

Frumvarp um breytingu á lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 er lagt fram í beinu framhaldi af samningum um sölu á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun sem undirritaðir voru 1. nóvember sl. Samningurinn var samþykktur í borgarstjórn Reykjavíkur 21. nóvember 2006 og í bæjarstjórn Akureyrar 7. nóvember 2006.

Samkvæmt frumvarpinu verður Landsvirkjun áfram sameignarfyrirtæki í eigu ríkisins og Eignarhluta ehf. Síðarnefnda fyrirtækið verður í fullri eign ríkisins.

Með fáum undantekningum felast í frumvarpinu nauðsynlegar breytingar á lögum vegna nýs eignarhalds, sem gefur ekki tilefni til athugasemda af hálfu Akureyrarbæjar. Ein undantekning er að í frumvarpinu er lagt til að 5. grein laga um Landsvirkjun falli brott, en í þeirri grein eru taldar upp virkjanir fyrirtækisins. Hvorki er að finna röksemdir fyrir þessu í greinargerð né athugasemdum við einstakar greinar. Ekki er lagst gegn því að greinin falli brott og þannig Landsvirkjun auðveldað að fara einstakar virkjanir út úr fyrirtækinu, t.d. til dótturfélaga, enda rýri brottfall ákvæðisins ekki réttarstöðu Akureyrarbæjar né Reykjavíkurborgar sem tryggð er í 5. gr. samnings um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði er lagt fram samhliða frumvarpi um Landsvirkjun. Felur frumvarpið enda í sér að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik hf. verði lagður inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag í Landsvirkjun. Auk þess eru gerðar breytingar á lögum er varða skattaréttarlegar skyldur Rarik.

Landsvirkjun með dótturfélögum verður gríðarstórt fyrirtæki með mikið markaðsafli á öllum stigum framleiðslu og dreifingu raforku. Mjög mikilvægt er að efla heilbrigða samkeppni á raforkumarkaði. Verði þetta frumvarp að lögum kallar það á enn virkara eftirlit á þessu sviði.

Virðingarfyllt
f.h. Akureyrarbæjar

Kristján Þór Júlíusson
bæjarstjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/499
komudagur 4.12.2006

Reykjavík 4. desember 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um Landsvirkjun, 364. mál; og
um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, 364. mál; og um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál.

Frumvörpin kveða m.a. á um breytingar á lögum til að tryggja óbreytt rekstrarform Landsvirkjunar þrátt fyrir kaup ríkisins á eignarhluta Reykjavíkur og Akureyrar í því. Einnig kveða þau á um að ábyrgð á eignarhlutum ríkisins í Landsvirkjun, Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf. færist frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Þá er fjármálaráðherra gert að leggja allan eignarhlut ríkisins í Rarik hf. og Orkubúi Vestfjarða hf. inn í Landsvirkjun.

Í álitu ASÍ í hinni svokölluðu *Nítján manna nefnd*, sem iðnaðarráðherra skipaði í júní 2003 til að móta tillögur um fyrirkomulag við flutning og dreifingu raforku, kemur skýrt fram sú grundvallarafstaða sambandsins að „vatns- og gufuorka sem nýtist til raforkuframleiðslu sé auðlind sem allir landsmenn eigi rétt á að njóta sameiginlega og með sem jöfnustum hætti.“ Þetta þýðir að líta ber á uppbyggingu raforkukerfisins sem verkefni samfélagsins í heild. **Í þessu ljósi hefði ASÍ viljað að ákvæði í frumvörpunum um eignarhald væru skýrari.**

Í samningnum um kaup ríkisins á eignarhlutum í Landsvirkjun er gert ráð fyrir að unnt sé að einkavæða fyrirtækið. Slíkt gæti reynst afdrifaríkt, ekki síst ef búið væri að gera Orkubú Vestfjarða og Rarik að dótturfyrirtækjum þess. Hætt er við að arðsemiskrafa einkafyrirtækis með slíka yfirburðastöðu á orkumarkaðnum leiddi til alvarlegrar röskunar á skilyrðum til atvinnusköpunar og búsetu í landinu.

Þrátt fyrir að það sé byggt inn í frumvörpin að ekki sé unnt að einkavæða Landsvirkjun nema með lagabreytingu (sbr. b-lið 1. gr. í frumvarpi um Landsvirkjun) hefði verið æskilegt að kveða á um það með beinum og skýrum hætti að slíkt væri óheimilt.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

Stefán Ulfarsson
Hagdeild ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 133/622

komudagur 6.12.2006


EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 6. desember 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál, eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/391
komudagur 29.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



FASTEIGNAMAT RÍKISINS

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • ☎ 515 5300
Fax 515 5310 • fmr@fmr.is • www.fmr.is

Reykjavík, 27. nóvember 2006
Tilvísun: 06110816/04.10/MH

Efni: Frumvarp til laga um Landsvirkjun og frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði.

Fasteignamati ríkisins hefur borist bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember sl., þar sem ofangreind frumvörp er send til umsagnar.

Af því tilefni er tekið fram að ekki eru gerðar neinar athugasemdir við efni þeirra af hálfu stofnunarinnar.

F.h. Fasteignamats ríkisins


Margrét Hauksdóttir



Grundarfirði, 29. nóvember 2006.

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/484
komudagur 4. 12. 2006

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

Efni: Beiðni, dagsett 22. nóvember 2006, um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 með síðari breytingum og um frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði.

Framangreind beiðni var tekin fyrir á fundi bæjarráðs Grundarfjarðar þ. 28. nóvember 2006.

Eftirfarandi var bókað:

15. „Iðnaðarnefnd Alþingis 22/11 2006 - beiðni um umsögn vegna tveggja lagafrumvarpa um orkufyrirtæki.

Bæjarráð Grundarfjarðar leggst ekki gegn samþykkt frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 42/1983 með síðari breytingum og frumvarps til laga um breytingar á lögum á orkusviði, með því skilyrði að tryggt sé að samþykkt þeirra leiði ekki til hækkunar á raforkuverði.“

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Grundarfjarðar


Bæjarstjórn
Grundarfirði
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Nefndasvið Alþingis
Berist iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 29.11.2006

150 REYKJAVÍK


Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál**

Landsvirkjun hefur borist bréf iðnaðarnefndar, dags. 22. nóvember 2006, þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði.

Samkvæmt frumvarpinu lúta breytingarnar að breyting á lögum nr. 10/2001 um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, með síðari breytingum, breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, með síðari breytingum og breyting á lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemd við framangreint frumvarp og mælir með að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 133/403
komudagur 30. 11. 2006

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK


Reykjavík 29. nóvember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál, eignarhluti ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik.

Neytendasamtökin gera ekki athugasemd við þann þátt frumvarpsins sem gerir ráð fyrir því að fjármálaráðherra fari, í stað iðnaðarráðherra, með eignarhlut ríkisins í þessum fyrirtækjum. Neytendasamtökin eru sammála því að óheppilegt "sé að handhöfn þess sé hjá sama ráðherra og fer með almenna stjórnslu á sviði auðlinda- og orkumála" eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Neytendasamtökin lýsa sig hins vegar algjörlega andsnúin því að Orkubú Vestfjarða og Rarik verði gerð að dótturfélögum að fullu í eigu Landsvirkjunnar. Minnt er á að rafmagnsmarkaðurinn hefur nú verið markaðsvæddur og eiga seljendur raforku nú að keppa um hilli notenda. Á þessum markaði starfa fá fyrirtæki og er samþjöppun í eignarhaldi þeirra fyrirtækja sem þar starfa ekki æskileg að mati Neytendasamtakanna.

Virðingarfyllst
F.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Norðurorku hf. um frumvarp til breytinga á lögum á orkusviði.

Almennt um frumvarpið.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.

Varðandi meðferð eignarhluta í þeim orkufyrirtækjum sem frumvarpið fjallar um telur Norðurorka hf. fyllilega eðlilegt að fjármálaráðherra fari með hlutina, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Norðurorka hf. leyfir sér í þessu sambandi að vísa í umsögn sína um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins hf. frá 21. febrúar sl. svohljóðandi "Verði af stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins telur Norðurorka hf. fráleitt að Iðnaðarráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Iðnaðarráðherra er ráðherra orkuiðnaðarins alls og einnig yfirmaður Orkustofnunar sem er eftirlits og úrskurðaraðili í raforkumálum samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003. Iðnaðarráðherra ber því að gæta jafnræðis og má ekki vera í þeirri stöðu að þurfa að gæta hagsmuna eins orkufyrirtækis sérstaklega sem fulltrúi eiganda þess".

Norðurorka hf. telur, með tilliti til nýskipunar raforkumála, að eðlilegast væri að gefa öðrum starfandi dreifiveitum tækifæri til að kaupa dreifikerfi Rarik hf og Orkubús Vestfjarða hf. Með þessu móti megi ná fram sparnaði og lækkun dreifikostnaðar og vitað er að áhugi dreifiveitnanna er fyrir hendi. Það er ekki hlutverk ríkisins að reka raforkudreifiveitu frekar en símadreifikerfi. Áhugi er einnig fyrir hendi hjá orkufyrirtækjum að kaupa hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja hf

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Ekki eru sérstakar athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við 2. og 3. gr. Fyrir utan almennar athugasemdir um dreifiveitur ríkisins, hér að framan, er gerð sú athugasemd við þessar greinar að það að leggja fyrirtækin Orkubú Vestfjarða hf og Rarik hf. inn til Landsvirkjunar verður að teljast óheppilegt þar sem skýr aðskilnaður á að vera milli starfssemisþátta svo sem dreifingar og framleiðslu samkvæmt anda raforkulaga og má hér minna á ákvæði í II kafla raforkulaga nr. 65, 2003 7. gr. svohljóðandi "Heimilt er vinnslufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu".

Nær hefði verið að færa umrædd fyrirtæki undir Landsnet hf. sem stundar sérleyfisstarfsemi.

Ekki verður heldur séð að það ákvæði frumvarpsins að hafa sérstakar stjórnir yfir dreififyrirtækjunum Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf.. undir hatti Landsvirkjunar,

Nær hefði verið að færa umrædd fyrirtæki undir Landsnet hf. sem stundar sérleyfisstarfsemi.

Ekki verður heldur séð að það ákvæði frumvarpsins að hafa sérstakar stjórnir yfir dreififyrirtækjunum Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf. undir hatti Landsvirkjunar, þjóni sérstökum tilgangi og í það minnsta ætti ein stjórn að nægja yfir dreifiveitubáttinn þar sem framleiðsla og sala raforku verður í nýju fyrirtæki og allar háspennulínur (> 66 kV) og aðveitustöðvar hafa verið sameinaðar Landsneti.

Það eru eindregin tilmæli að horfið verði frá þeim áformum sem í frumvarpinu felast og skilið þess í stað á milli starfsemisbátta á þann veg að dreifing raforku og önnur starfsemi þessara tveggja fyrirtækja verði seld öðrum starfandi dreifiveitum í landinu.

Virðingarfyllst,
Akureyri, 29. nóvember 2006.
Fh. Norðurorku hf.


Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.

Ísafirði, 27. nóvember 2006

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði, 365. mál.

Stjórn Starfsmannafélags Orkubús Vestfjarða (SOV) hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði. Félagið vill minna á að þegar Orkubúi Vestfjarða var breytt í hlutafélag gerðu Ríkisstjórn Íslands og sveitarfélögin á Vestfjörðum með sér samkomulag. Í 8. grein samkomulagsins kemur eftirfarandi fram:

„Komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða hf. við annað eða önnur orkufyrirtæki, eftir gildistöku nýrra raforkulaga, mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum.

Sameigendur eru sammála um að reynt verði eftir megni að efla starfsemi orkugeirans á Vestfjörðum og viðhalda þjónustu við dreifðar byggðir.”

SOV leggur áherslu á að staðið verði við þetta samkomulag og lýsir yfir miklum vilja til að taka þátt í eflingu orkugeirans í fjórðungnum. Við sjáum í þessum breytingum tækifæri til að taka að okkur aukin verkefni og styrkja þannig starfsemina á Vestfjörðum enn frekar.

Einnig viljum við benda á að Vestfirðingar eru háðir einni orkuflutningslínu á meðan flestir landsmenn njóta öryggis hringtengingar. Við straumleysi á línunni, sem er nokkuð títt, verða Vestfirðingar að treysta á varafllsstöðvar til að mæta raforkuþörf fjórðungsins. Til að hægt sé að sinna þessum þætti, sem og öðrum rekstri raforku- og hitaveitukerfisins með viðunandi hætti, má fjöldi starfsmanna á svæðinu alls ekki fara niður fyrir það algera lágmark sem hann er nú í.

f. h. Starfsmannafélags Orkubús Vestfjarða

Kristján Pálsson

Alþingi
Erindi nr. P 133 / 498
komudagur / 12. 2006



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Alþingi - iðnaðarnefnd
Ingvar Þór Sigurðsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110018
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum orkusviði, 365. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2006, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál, eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik.

Orkustofnun tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Elín Smáradóttir

Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/247
komudagur 23.11.2006

TILVITNUN YÐAR

BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR
SJ/sj

DAGSETNING
23.11.2006

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði.

Starfsmannaráð RARIK hf. fundaði 21. nóvember 2006 um lagafrumvarp um að leggja eignarhlut ríkisins í RARIK hf og Orkubúi Vestfjarða hf inn í Landsvirkjun.

Ráðið lýsir áhyggjum af þessum áætlunum sem eru ekki í samræmi við þau markmið sem unnið hefur verið að milli fyrirtækjanna síðastliðið ár. Þar var gert ráð fyrir fyrirtækjasamsteypu þar sem ofangreind fyrirtæki ynnu saman á jafnræðisgrundvelli.

Ráðið telur að með þeirri leið sem frumvarp iðnaðarráðherra gerir ráð fyrir sé starfsöryggi starfsmanna RARIK og OV stofnað í hættu sem og hagsmunum fyrirtækjanna og þeirri mikilvægu starfsemi sem þau hafa með höndum, þ.e.a.s. dreifingu raforku um byggðir landsins. Tryggja þarf að sú hagræðing sem Landsvirkjun þarf e.t.v. að gera á sinni starfsemi bitni ekki á dótturfélögunum með íþyngjandi og óhagkvæmum hætti er gæti jafnvel ógnað starfsöryggi starfsmanna þessara dótturfélaga

Ráðið telur að ef fara á þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir verði að tryggja í lögum sjálfstæði RARIK og OV. Þetta má til dæmis gera með því að skipun stjórnar fyrirtækjanna verði með sama hætti og kveðið er á um í raforkulögum um stjórnarskipun flutningsfyrirtækisins Landsnets. Þar er kveðið á um að stjórn fyrirtækisins skuli vera óháð öðrum fyrirtækjum á raforkumarkaði.

F. h. Starfsmannaráðs RARIK hf.



Steingrímur Jónsson
formaður

Samhljóða bréf sent Iðnaðarráðherra



Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjórnar

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/318
komudagur 27.11.2006

Reykjavík, 24. nóvember
2006
R06110170
175

ORÐSENDING

Viðtakandi: Skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu stjórnarsýslu- og starfsmannasviðs
Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Frumvarp til laga um Landsvirkjun, 364. mál, eignarhald og fyrirsvar og frumvarp til laga um breyt. á lögum á orkusviði, 365. mál

Borist hefur borgarráði bréf iðnaðarnefndar Alþingis frá 22. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Landsvirkjun, 364. mál, eignarhald og fyrirsvar, og frumvarp til laga um breyt. á lögum á orkusviði, 365. mál, eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik.

Erindinu, sem fylgir í ljósríti, er hér með f.h. borgarráðs vísað til meðferðar skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu stjórnarsýslu- og starfsmannasviðs.


Gunnar Eydal

Afrit:
Iðnaðarnefnd Alþingis



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/443
komudagur 1.12.2006

Reykjavík, 30. nóvember 2006

R06110170

175

ÓKH

Iðnaðarnefnd Alþingis
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari

150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um Landsvirkjun o.fl.

Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1 umsögn skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu Reykjavíkurborgar frá 29. þ.m. um frumvarp til laga um Landsvirkjun (364. mál) og frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði (365. mál), sbr. bréf iðnaðarnefndar Alþingis frá 22. s.m. Þar sem ágreiningur var um afgreiðslu umsagnarinnar í borgarráði, fer hún til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar 5. desember n.k., sbr. 3. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Gunnar Eydal

e.u.

DAGSETNING

TILVÍSUN

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2006 2006110365
T-ums 13/06

Alþingi
Erindi nr. P 133/395
komudagur 29.11.2006

**Umsögn um 364. mál, frumvarp til laga um Landsvirkjun og um 365. mál,
frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði.**

Með bréfi háttvirtrar iðnaðarnefndar Alþingis, dagsettu 22. nóvember 2006, er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp á þingskjali 396, frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum og um frumvarp á þingskjali 397, frumvarpi til laga um breytingar á lögum á orkusviði. Fer umsögnin hér á eftir.

Samkvæmt lögum nr. 42/1983 er Landsvirkjun "sameignarfyrirtæki" ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Með kaupum ríkissjóðs á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar þann 1. nóvember s.l. komst allt eignarhald á eina hendi og því ekki um sameign að ræða frá þeim tíma. Með 1. gr. frumvarps á þingskjali 396 er lagt til að brugðist verði við því með þeim hætti að lögfesta að einkahlutafélagið Eignarhlutir ehf. skuli vera eigandi 0,1% eignarhlutar í Landsvirkjun á móti 99,9% eignarhluta ríkissjóðs. Hvorki í frumvarpinu né í drögum að sameignarfélagssamningi fyrir Landsvirkjun, sem birt eru sem fylgiskjal II með frumvarpinu, er að finna ákvæði þess efnis að einkahlutafélagið skuli leggja Landsvirkjun til stofnfé í samræmi við eignarhlutann. Við nefnd kaup ríkissjóðs á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar var lagt til grundvallar að heildarverðmæti eigin fjár Landsvirkjunar næmi kr. 60.500.000.000. Samkvæmt því yrði vermæti 0,1% eignarhluta Eignarhluta ehf. kr. 60.500.000, ef ekki kæmi annað til, en í 3. og 4. gr. frumvarps á þingskjali 397 er lagt til að fjármálaráðherra leggi Landsvirkjun til sem viðbótareigendaframlag allt hlutafé ríkissjóðs í hlutafélögunum Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarik hf. Verðmæti þeirra eignarhluta kemur ekki fram í nefndum þingskjölum. Samkvæmt samþykktum Eignarhluta ehf., dagsettum 7. nóvember 2006, nemur heildarhlutafé þess félags kr. 500.000. Ljóst má því vera að jafnvel þótt Eignarhlutir ehf. leggðu allt fé sitt til Landsvirkjunar sem eigendaframlag, yrði það framlag ekki í neinu samræmi við verðmæti ætlaðs 0,1% eignarhluta félagsins í Landsvirkjun. Í skattalegu tilliti liggur beinast við að líta á mismun verðmætis eignarhluta og eigendaframlags Eignarhluta ehf. sem skattskyldar tekjur í hendi Eignarhluta ehf.

Í frumvarpi því sem liggur fyrir á þingskjali 396 er gert ráð fyrir að Landsvirkjun verði "sameignarfyrirtæki" ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. og skuli hvor eigendanna fyrir sig vera í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins, en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fari eftir eignarhlutföllum. Með einfaldri ábyrgð er vikið frá því hugtaksatriði sameignarfélags, að eigendur beri beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Í því sambandi er vert að geta þess að ekki er fyrir að fara heildarlöggjöf um

sameignarfélög, en fyrir Alþingi liggur á þingskjali 79, frumvarp til laga um sameignarfélög. Í 3. gr. þess er hugtakið sameignarfélag skilgreint svo: *Sameignarfélag samkvæmt lögum þessum er samstarfsform sem byggist á samningi tveggja eða fleiri aðila um sameiginlega fjárhagslega starfsemi þar sem allir félagsmenn bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.* Raunar er hvorki í gildandi lögum um Landsvirkjun, né í fyrirbyggjandi frumvarpi til breytinga á þeim, notað hugtakið sameignarfélag, heldur sameignarfyrirtæki. Engu að síður virðist gengið út frá því að um sameignarfélag sé að ræða, ef marka má drög að sameignarfélagssamningi er fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal II. Nokkur óvissa kann að skapast um félagsréttarlega stöðu Landsvirkjunar og þar með um skattaréttarlega stöðu félagsins, þ.e. hvort heldur skattlagning skuli vera með þeim hætti er fer um félög er falla undir 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um tekjuskatt, eða undir 5. tölul. sömu málsgreinar. Undir fyrr greinda töluliðinn falla félög á félagsforminu samlagsfélög og sameignarfélög, en undir síðar nefnda töluliðinn félög af öðrum toga en upp eru talinn í fyrstu fjórum töluliðum málsgreinarinnar. Landsvirkjun er ótvírætt skattskyld samkvæmt I. kafla laga nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja, er vikur til hliðar að því er orkufyrirtæki varðar þeirri skattundanþágu ríkisfyrirtækja er mælt er fyrir um í 1. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Í 3. gr. frumvarps á þingskjali 396 er lagt til að Landsvirkjun verði gert að greiða arð af framlögum eiganda. Þá er gert ráð fyrir að óbreytt standi ákvæði 4. mgr. 5. gr. laganna um Landsvirkjun, þess efnis að arðgreiðsla skuli ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins og yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum. Arður Landsvirkjunar fellur hvorki undir skilgreiningu skattskylds arðs í 11. gr. laga nr. 90/2003, né undir skilgreiningu frádráttar vegna móttækis arðs í 9. tölul. 31. gr. sömu laga, en þær skilgreiningar taka aðeins til arðs af hlutum og hlutabréfum í hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum.

Virðingarfyllt


Ingvar J. Rögnvaldsson


Sigurjón Högnason



Alþingi
Erindi nr. P 133/404
komudagur 30.11.2006

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
bt. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2006
Tilv.: 0611032

Umsögn um frumvörp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun og frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði.

Samkeppniseftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 22. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, 364. mál, eignarhald og fyrirsvor, og frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál, eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarík.

Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun eru lagðar til breytingar á lögum um Landsvirkjun til samræmis við þá breytingu sem orðið hefur á eignarhaldi Landsvirkjunar með kaupum íslenska ríkisins á hlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu.

Samkeppniseftirlitið vill í þessu sambandi taka fram að það telur breytingar á eignarhaldi Landsvirkjunar, sem liggja til grundvallar frumvarpinu, vera af hinu góða í samkeppnislegu tilliti, en eftir breytingarnar eru eignatengsl tveggja mikilvægra keppnauta á raforkumarkaði, Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, ekki lengur fyrir hendi.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum á orkusviði er meðal annars lögð til breyting á fyrirsvori ríkisins varðandi eignarhluti í Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubúi Vestfjarða hf. og Rarík hf. og enn fremur lagt til að fjármálaráðherra leggi allan eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarík inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkisins í Landsvirkjun.

Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við breytingar á fyrirsvori ríkisins varðandi fyrrgreinda eignarhluti. Varðandi áform í frumvarpinu um að leggja eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarík inn til Landsvirkjunar, er rétt að upplýsa að Samkeppniseftirlitið hefur nú til athugunar fyrirhugaða samvinnu þessara fyrirtækja í framleiðslu og sölu á raforku, með stofnun nýs félags, Orkusölnunnar ehf. Í ágústlok barst Samkeppniseftirlitinu vegna þessa samrunatilkynning þar sem greint var frá stofnun Orkusölnunnar ehf. Fram kemur að eigendur að Orkusölnunni ehf. séu Rarík, Orkubúi Vestfjarða og Landsvirkjun.



Tilgangur hins nýja félags sé kaup, sala og framleiðsla á raforku, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Sé hinu nýja félagi ætlað að taka yfir framleiðslu og rafmagnssölu sem Rarik og Orkubúið hafa haft með höndum, en myndi einnig hafa með höndum framleiðslu raforku í eigin virkjunum.

Athugun á grundvelli framangreindrar samrunatilkynningar er ólokið. Miðað við það sem fram hefur komið í málinu er það hins vegar frummat Samkeppniseftirlitsins að stofnun Orkusölnunnar með aðild Landsvirkjunar hindri virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og smásölu raforku, í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, og því kunni að vera tilefni til að grípa til íhlutunar á grundvelli tilvitnaðs ákvæðis.


Samkeppniseftirlitið hefur greint samrunaaðilum frá framangreindu frummati og kallað eftir frekari sjónarmiðum þeirra. Væntir eftirlitið þess að þau sjónarmið berist innan fárra daga. Í framhaldi af því mun Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til málsins. Rétt er að taka fram að hafi umrætt frumvarp orðið óbreytt að lögum fyrir þann tíma kunna forsendur til þess að taka ákvörðun í stjórnslumálinu að vera brostnar.

Samkeppniseftirlitið telur óhjákvæmilegt að rekja framangreint vegna þess að hliðstæð sjónarmið virðast eiga við um tillögur frumvarpsins um að leggja eignarhlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik inn til Landsvirkjunar. Breytingarnar muni leiða til styrkingar á markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar á markaðnum fyrir smásölu raforku til stórnotenda og á markaðnum fyrir framleiðslu og heildsölu á raforku. Ennfremur muni Landsvirkjun komast í markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir smásölu raforku til almennra nota. Ástæða sé því til að ætla að þessar breytingar muni að óbreyttu hindra virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og smásölu raforku, í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Rétt er að taka fram að framangreind sjónarmið taka til markaða fyrir framleiðslu og sölu á raforku en taka ekki til dreifingar og flutnings á raforku, enda eiga önnur sjónarmið við á þeim sviðum.

Samkeppniseftirlitið vill að lokum undirstrika að því er ekki unnt að taka endanlega afstöðu til frumvarpsins á þessu stigi, vegna meðferðar stjórnslumálsins sem að framan er rakið.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Páll Gunnar Pálsson



Sveitarfélagið

ÁLFТАNES

Bjarnastöðum, 225 Álfтанes
Sími 550-2300

Alþingi
Erindi nr. P 133/699
komudagur 3.1.2007

29.12.2006

Sveitarfélagið Álfтанes gerir ekki athugasemd við frumvarp til laga um Landsvirkjun, 364. mál, eignarhald og fyrirsvar, og frumvarp til laga um breyt. á lögum á orkusviði, 365. mál, eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik.

Kveðja,

Kolbrún Jónsdóttir,
ritari

Kristjana Benediktsdóttir

From: gt@tn.is
Sent: 4. desember 2006 18:09
To: Kristjana Benediktsdóttir
Cc: gt@tn.is
Subject: Re: Umsögn talsmanns neytenda um 364. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun með síðari breytingum, eignarhald og fyrirsvar, og um 365. mál., frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði, eignarhlutir ríkisins í Hita

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara iðnaðarnefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 02.12.2006
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 364. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun með síðari breytingum, eignarhald og fyrirsvar, og um 365. mál., frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði, eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik (133. löggjafarþing)

Inngangur

Vísað er til bréfs yðar, dags. 22. nóvember sl., um ofangreind þingmál og beðist velvirðingar á að vegna annarra embættisanna gafst ekki færi á að skila umsögn innan þess frests sem gefinn var.

Almennt um frumvarpið

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda, stuðla að aukinni neytendavernd og setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af því takmarka ég efnislega umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda. Ég hef ekki áður gefið umsögn um drög að frumvörpum þessum.

Fyrirsvar vegna eignarhalds ríkisins í orkufyrirtækjum

Telja verður ástæðu til þess að taka undir tillögur um breytt fyrirsvar vegna eignarhalds ríkisins í umræddum orkufyrirtækjum þannig að fjármálaráðherra fari í stað iðnaðarráðherra framvegis með eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. (1. gr.), Orkubúi Vestfjarða hf. (1. mgr. 2. gr.), Rafmagnsveitum ríkisins hf. (2. mgr. 3. gr.) og Landsvirkjun (364. mál). Tel ég þá breyttu tilhögun í samræmi við þá megin stefnu sem virðist nú vera orðin ríkjandi að andstæðum hagsmunum sé ekki

skipað á sama bás í Stjórnarráðinu. Iðnaðarráðherra fer ekki aðeins með almenna stjórnarsýslu á sviði auðlinda- og orkumála eins og getið er í greinargerð með frumvarpinu; ráðuneyti undir sömu stjórn fer nú með viðskiptamál – þ.m.t. samkeppnis- og neytendamál sem ég tel alls ekki samrýmast fyrirsvari um eignarhald stórra aðila á mikilvægum markaði sem nú á að vera orðinn samkeppnismarkaður.

Flutningur eignarhluta ríkis í OV og Rarik til Landsvirkjunar

Um tillögu þess efnis að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hf. (OV) og Rafmagnsveitum ríkisins hf. (Rarik) verði lagður inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun (2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr.) er þetta að segja. Þó að Landsvirkjun sé ekki virk á neytendamarkaði kann að verða breyting þar á og því óheppilegt að umrædd fyrirtæki séu þá dótturfélög Landsvirkjunar. Hvað sem öðru líður leiðir af tillögunni að OV og Rarik verða systurfélög.

Ég tel tillögu þessa í fyrsta lagi draga úr tækifæri í kjölfar sölu Akureyrar og Reykjavíkur á hlut sínum í Landsvirkjun að auka virka samkeppni á sem flestum stigum raforkumarkaðar – neytendum til hagsbóta. Þó að talsmaður neytenda tjái sig almennt ekki um eignarhald fyrirtækja á markaði dregur þessi ráðstöfun úr möguleikum á að dreifa eignarhaldi síðar með það að markmiði að auka virka samkeppni á raforkumarkaði fyrir neytendur.

Talsmaður neytenda tekur að öðru jöfnu ekki afstöðu til almennra skattamála en tillaga þessi virðist í öðru lagi illsamræmanleg meginforsendu laga nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja þar sem einnig var vitnað til samkeppnissjónarmiða í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga.

Í þriðja lagi tel ég að nýleg hlutafélagsvæðing Rarik hafi verið gerð í því skyni að skapa skilyrði virkrar samkeppni – neytendum til hagsbóta. Því til stuðnings má vitna til umsagnar minnar, dags. 21. febrúar sl., um þingmál um hlutafélagsvæðingu Rarik, 392. mál, á 132. löggjafarþingi þar sem sagði (áhersla hér):

„Ég geri ekki athugasemdir við stofnun hlutafélags um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins enda er ljóst að tilgangur rekstrarins verður öðrum þræði arðsemi í samkeppnisrekstri. Í því sambandi vísa ég til þess að komið hefur verið á nokkru frelsi í framleiðslu og sölu á raforku og vegna fjölda raforkufyrirtækja eru fyrir hendi raunverulegar forsendur til samkeppni á þeim markaði. Sá hluti starfseminnar sem ekki er á samkeppnismarkaði er háður sérleyfi og lýtur eftirliti Orkustofnunar. - [...] - Þá legg ég til að hlutafélagið verði ekki kennt við Rafmagnsveitur „ríkisins“ samhliða því að mörkuð verði sú stefna að fyrirtæki í hlutafélagsformi sem *ælað er að stunda samkeppnisrekstur* með arðsemismarkmið séu ekki kennd við ríkið – hvað sem líður eignarhaldi.“

Í almennum athugasemdum í greinargerð með því frumvarpi sagði m.a.:

„Á árinu 2003 urðu ný þáttaskil í sögu orkumála landsins með setningu nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem komu til framkvæmda þann 1. júlí 2003. Með setningu þeirra laga voru *skapaðar forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.*“ - [...] -

- [...] - „Röksemdirnar fyrir því að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins eru margvíslegar:

1. Meginröksemdin er sú að hlutafélagsformið er mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó að ríkissjóður sé einn eigandi að hlutafélaginu, einkum þegar litið er til þess *meginsjónarmiðs sem raforkulögin frá 2003 byggja á, sem er að reyna að stuðla að samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.*“

Tel ég ýmislegt benda til þess að nýleg – fyrirhuguð eða yfirlýst – markaðsvæðing raforkumarkaðar ekki haft þau áhrif sem stefnt var að eða vænst af hálfu neytenda og ýmissa hagsmunasamtaka þeirra. Vil ég í þessu sambandi árétta að í nýlegri umsögn um 5. mál, dags. 22. nóvember sl., sagði ég um þingsályktunartillögu um úttekt á hækkan raforkuverðs:

„Tel ég ástæðu til þess að taka undir þingsályktunartillögunu og vil upplýsa að embætti talsmanns neytenda hafa borist

nokkur erindi sem tengjast umræddri kerfisbreytingu á raforkumarkaði. Ekki hefur verið ákveðið hvort eitthvað verður aðhafst vegna þessa af hálfu talsmanns neytenda en helst kemur til álita að auðvelda neytendum að virkja samkeppni til lækkunar á raforkuverði. Því tel ég rétt að benda á að í slíkri úttekt væri æskilegt að lagt yrði mat á hvort – og þá hvaða – hömlur eru á því í raun að kraftar samkeppninnar á raforkumarkaði nýtist neytendum.“

Með vísan til framangreinds leggst ég gegn þeirri tillögu að færa Orkubú Vestfjarða og Rarik undir Landsvirkjun og legg til að í staðinn verði stigin nauðsynleg skref til þess að gera forsendur samkeppni á neytendamarkaði fyrir raforku raunverulegar og virkja krafta samkeppninnar. Þar sem ég tel það ekki hlutverk talsmanns neytenda að hafa skoðun á því hvert eignarhald fyrirtækja á markaði skuli vera tel ég að öðrum kosti koma til álita sem illskárri kost að horfið verði frá yfirlýstri markaðsvæðingu raforkumarkaðar og komið á opinberri verðstýringu á markaði með þá grundvallarvöru sem raforka er. Tel ég ósk ríkisins af því að halda utan um „hagsmunum sína í rekstri raforkufyrirtækja með þessum hætti“ eins og æskilegt er talið í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu verða að víkja fyrir hagsmunum og réttindum neytenda af virkri samkeppni á sviði raforkumarkaðar.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason.

Kær kveðja,
talsmaður neytenda,
Gísli Tryggvason.

Vakin er athygli á 2. mgr. 7. gr. laga um embættið þar sem segir:

"Talsmaður neytenda tekur ekki til meðferðar ágreining milli neytenda og seljenda, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um hvaða leiðir eru færar, m.a. innan stjórnsýslunnar og hjá dómstólum."

Embætti talsmanns neytenda,
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími 510 11 21; Bréfsími 510 11 01
gt@tn.is; <http://www.tn.is>
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman



Alþingi
Erindi nr. P 133/483
UST Þriðjudagur 4.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

30. nóvember 2006

Skjalanúmer: 40

Tilvísun: UST20061100119/kg

Frumvarp til laga um Landsvirkjun, 364. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar, dags. 22. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Landsvirkjun, 364. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði, 365. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpanna.

Virðingarfyllst,

Arni Bragason
staðgengill forstjóra

Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður